

## **Fundargerð 9. fundar hreppsnefndar Ásahrepps haldinn að Laugalandi kl. 15 26. nóvember 2014.**

Mætt eru Egill Sigurðsson, Renate Hannemann, Nanna Jónsdóttir, Karl Ölvisson og Elín Grétarsdóttir. Björgvin G. Sigurðsson ritaði fundargerð.

Egill Sigurðsson oddviti setti fund og stjórnaði honum.

### **1. Fundargerð síðasta fundar.**

- 2. Staðan við undirbúning ljósleiðaralagningar.** Guðmundur Daníelsson kynnir niðurstöðu forhönnunar lagningar ljósleiðara. Helstu niðurstöður forhönnuunar eru eftirfarandi: Kerfið samanstendur af 81 tengistað, þ.e. öllum lögheimilum með fastri búsetu í sveitarfélaginu. Heildar lagnaleið er um 98 kílómetrar sem samanstendur af um 54 kílómetrum af stofnlögn og 44 kílómetrum af heimtaugum. Heildarkostnaður við verkefnið er áætlaður um 93 milljónir án virðisaukaskatts. Miðað er við að ljósleiðararör verði plægt í jörð og ljósleiðara blásið í rörið. Hvert heimili fær tvo ljósleiðaraþræði til afnota og liggja þeir frá hverju heimili inn á Laugaland. Kerfið er opið aðgangskerfi þ.e. öllum þjónustuveitum sem vilja selja þjónustu inn á kerfið stendur það til boða óháð þeirri tækni eða gagnahraða sem viðkomandi velur að bjóða sínum viðskiptavinum. Viðskiptavinir hafa því frjálst val um það við hvern þeir versla hverju sinni.

### ***Eftirfarandi bókun var samþykkt sem næsta skref í undirbúningi að lagningu ljósleiðarans:***

*Sveitastjórn Ásahrepps samþykkir samhljóða á grundvelli forhönnunar sem kynnt var á fundinum að endanleg hönnun og kostnaðargreining fari fram og verkefnið undirbúið á þann veg að verklegar framkvæmdir geti hafist í samræmi við tímaáætlun sem lögð var fram. Sveitastjóra er falið að annast samskipti við Guðmund Daníelsson vegna þessa.*

*Ákveðið að boða til íbúafundar um framkvæmdina miðvikudaginn 10. desember kl. 20.30 að Laugalandi. Fundurinn verði auglýstur í Búkollu og á heimasíðu hreppsins.*

- 3. Fjárhagsáætlun leik- og grunnskóla í Laugalandi.** Sigrún Björk Benediksdóttir leikskólastjóri og Sigurjón Bjarnason skólastjóri, kynna fjárhagsáætlanir 2015 og forsendur þeirra. Þær samþykktar af sveitarstjórn og eru hluti af fjárhagsáætlun næstu fjögurra ára. Rætt um mögulegar leiðir til að fá fagmenntað fólk til starfa í leikskólanum. Sveitarstjórn lýsti mikilli ánægju með starfsemi skólanna.
- 4. Viðbúnaður Vatnsveitunnar vegna mögulegra flóða í Þjórsá og Rangá.**

Þrjár rafstöðvar hafa verið pantaðar af stjórn Vatnsveitunnar eftir samþykki sveitarstjórna fyrir kaupum á þeim til að knýja hluta Vatnsveitunnar komi til rafmangleysis vegna flóða eða annarra hamfara. Unnið að breytingu á tengibúnaði við dælur og beðið afhendingu stöðvanna.

## 5. Fjárhagsáætlun 2015-2018. Síðari umræða.

### Helstu forsendur áætlunar:

#### Rekstur

Stuðst er við áætlun frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga við áætlun útsvars fyrir árið 2015.

Gert er ráð fyrir lækkun álagningarprósentu úr 12,48% niður í 12,44%.

Reiknað er með óbreyttum álagningarhlutföllum fasteignaskatta þ.e. 0,32% af fasteignamati á eignir í A-flokki og 1,65% á eignir í C-flokki.

Áætlun fasteignagjalda vegna Búðarhálsvirkjunar var 22,0 millj. kr. í áætlun 2014, við gerð áætlunar 2015 er ekki búið að leggja fasteignagjöld á virkjunina, en í áætlun 2015 er sama fjárhæð áætluð 22,0 millj. kr.

Áætlað er að fasteignaskattstekjur árið 2015 verði um 124,0 millj. kr. það er um 8,8% hækkun frá áætlun 2014. Ekki er reiknað er með Jöfnunarsjóðsframlag á árunum 2015-2018.

#### Aðalsjóður - rekstur málaflokka:

Í áætlun 2015 er almennt reiknað með svipuðum tekjum og gjöldum frá fjárhagsáætlun 2014.

Í áætluninni er gert ráð fyrir framlögum til samstarfsverkefna í samræmi við fyrirliggjandi áætlanir um verkefnin. Almennt gert ráð fyrir óbreyttum rekstri málaflokka á tímabilinu 2016-2018, en tekið tillit til sérstakra fjárveitinga samkvæmt áætlun 2015.

#### Aðrir sjóðir:

Gert er ráð fyrir hækkun á leigutekjum Eignasjóðs og leigugjöldum stofnana vegna fjárfestinga.

Gert er ráð fyrir kostnaði vegna hreinsunar rotþróa annað hvert ár hjá Fráveitu og fellur hann til árið 2015 og 2017.

Gert er ráð fyrir að 70,0 millj. kr. fjárfesting vegna ljósleiðara árið 2015 og 23,0 millj.kr árið 2016 sett í hluta sjóð og Aðalsjóður láni til framkvæmdanna.

Afskriftir eru reiknaðar út miðað við áætlaða fastafjármuni í árslok 2014 auk afskrifta af fjárfestingum á tímabilinu.

Vextir eru reiknaðir miðað við hvernig staða eigna og skulda breytist á tímabilinu.

Framkvæmdir á tímabilinu:

Reiknað er með framlagi til Hjúkrunarheimilisins Lundar 3,6 millj.kr. árið 2015, 17,2 millj.kr. 2016 og endurgreiðslu frá Ríkissjóði kr. 6,8 árið 2017.

Reiknað er með 3,5 milljóna kr. framkvæmdakostnaði á Laugalandi árið 2015.

Reiknað er með 0,6 milljóna kr. v. Uppsetingar á ljósastaurum 2015-2018.

Reiknað er með 2,0 milljóna kr. framkvæmdakostnaði vegna reiðvega árið 2016 og 1,0 millj. kr. árlega 2017-2018.

Reiknað er með 70,0 milljóna kr. vegna ljósleiðaratengingar árið 2015 og 23,0 millj. kr árið 2016

Reiknað er með 0,6 milljóna kr. árlegum framkvæmdum í Fráveitu 2015-2018.

Reiknað er með 30,0 milljóna kr. framkvæmdakostnaði vegna vegagerðar árið 2018.

Reiknað er með 35,0 milljóna kr. framkvæmdakostnaði vegna umhverfisátaks árið 2017.

Reiknað er með 5,0 milljóna kr. framkvæmdakostnaði vegna merkinga í byggð og á afrétti árinu 2017 og 2018.

Reiknað er með 7,2 milljón kr. framkvæmdakostnaði vegna Atvinnu- og ferðamála árið 2017 og 15,0 milljóna kr. árið 2018.

Önnur atriði:

Reiknað er með óbreyttum íbúafjölda á tímabilinu.  
Áætlunin byggir m.a. á fjárhagsáætlun 2014.  
Stofnframlag til Sorpstöðvar árið 2015 kr. 1,8 millj.kr.

Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða í sveitarstjórn.

## **6. Fundargerðir til staðfestingar.**

- a. Fundargerð Skipulagsnefndar 20.11. Málsnúmer 201411795737. Ekki gerðar athugasemdir við breytta stærð lóðarinnar. Það staðfest í sveitarstjórn.

## **7. Fundargerðir til kynningar.**

- a. Fundargerð Skipulagsnefndar 20.11.14.
- b. Fundargerð Sorpstöðvar Suðurlands 10.11.14.
- c. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands 14.11.14.
- d. Fundargerð Félagsmálanefndar 17.11.14.
- e. Fundargerð stjórnar Lundar 13.11.14.
- f. Fundargerð stjórnar Húsakynna 10.11.14.
- g. Fundargerð Skiplagsnefndar 06.11.14.

## **8. Önnur mál.**

- a. Erindi frá Kjartani Þorkelssyni sýslumanni um gerð nýrrar flóðahermunar í Rangá og vinnu við nýja rýmingaráætlun vegna þess sem stefnt er að verði tilbúin á næstu dögum.
- b. Erindi frá Engilbert Olgeirssyni um að unnið verði að frekari dren-framkvæmdum á Laugalandi vegna tjaldsvæðis. Óskað eftir aðkomu sveitarfélaganna Ásahrepps og Rangárþings ytra að því. Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir kostnaðarmati frá Eignaumsýslu Rangárþings ytra á verkinu og mögulegri skiptingu á kostnaði.
- c. Félagið Fjóla sem var stofnað þann 15. mars 1994 sem hagsmunafélag fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu óskar eftir að því sé veittur stuðningur með kaupum á dagbókum fyrir árið 2015. Verð: Ómerkt dagbók, krónur 4.900. Dagbók með nafnalínu, 18 punkta letur, t.d. nafn starfsmanns, krónur 5.360. Dagbók með merki (logo) fyrirtækis, krónur 4.900. Dagbók með nafni fyrirtækis, nafnalína í 24 punkta letri, og merki (logo) fyrirtækis, kr. 5.430. Samþykkt að kaupa sjö bækur fyrir sveitarstjórn og starfsfólk skrifstofu.
- d. Ósk um styrk frá Göngum saman sem var stofnað árið 2007 í þeim tilgangi að standa við bakið á grunnrannsóknnum á brjóstakrabbameini með kaupum á minnislyklum, upphæð 6.000 kr og þrír á 16.500. Erindinu hafnað.

- e. Boð frá SASS og NMI á opnun Frumkvöðlaseturs 27. nóvember kl 15.00-16.00 í húsnæði SASS.
- f. Beiðni frá HSK um áframhaldandi stuðning við starfsemina og sækir um 270 kr. á hvern íbúa sem er sama fjárhæð og undanfarin ár. Það samþykkt.
- g. Boðsbréf frá SASS vegna starfsloka Þorvarðar Hjaltasonar þar sem á að heiðra hann í Tryggvaskála 27. nóvember kl. 17.30.
- h. Beiðni um styrk frá Íþróttafélaginu Garpi um 1000 kr. á hvern íbúa fyrir árið 2015. Það samþykkt.
- i. Ósk frá Sturla Snorrasyni og Maríu Ingibergsdóttur um að flytja lögheimli að Gónholti þar sem er skráð sumarbústaður. Erindinu vísað til Skipulags- og byggingafulltrúa.
- j. Endurgreiðsla vegna bæjarlýsinga 2014. Gerð tillaga að 54.000 kr. á hvert lögheimili þar sem skrá er búseta. Það samþykkt samhljóða.
- k. Ákveðið að senda dreifibréf á hvern bæ í Ásahreppi, með upplýsingum um viðbúnað vegna mögulegra hamfara verði eldgos í Bárðarbungu og flóð í Þjórsá og Rangá í kjölfarið, í samráði við almannavarnir, um leið og upplýsingar þar að lútandi liggja fyrir. Í bréfinu verði rakinn helsti viðbúnaður og áætlanir um rýmingu. Það samþykkt.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl 18.10.